

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Júlía Þorvaldsdóttir og Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki : Eyleifur Jóhannesson

Fundur 03.04 2025 settur kl. 18.00

1. Ný stjórn

- a) Þetta er fyrsti fundur nýrrar stjórnar sem var kosin á sundþingi 29. Mars 2025. Magnús Tryggvason er boðin velkominn í stjórn og Viktoría Gísladóttir er þökkueð stjórnarseta undanfarinna ára.
- b) Verkaskipting stjórnar:
 - Júlía Þorvaldsdóttir verður áfram varaformaður
 - Hörður Oddfríðarson verður áfram ritari
 - Árni Stefánsson er gjaldkeri
- c) Farið var yfir samning við formanns og hann endurnýjaður á sömu nótum og áður. Formaður vék að fundi undir þessum lið.
- d) Dómaranefnd verður skipuð sama fólki og á síðasta tímabili. Formaður hefur verið í sambandi við formann dómaranefndar. Aðilar í dómaranefnd eru þessir:
 - Viktoría Gísladóttir, formaður
 - Björn Valdimarsson, varaformaður
 - Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, ritari
 - Ragnheiður Birna Björnsdóttir, *utanumhald á skráningu starfa dómara*
 - Sigurþór Sævarsson,
 - Lárus Lúðvík Hilmarsson

Dómaranefnd óskar eftir því að fá tengilið innan stjórnar SSÍ við nefndina. Stjórn SSÍ tilnefndir Guðrúnu Rósu í það hlutverk.

- e) Aga- og siðanefnd verður skipuð sömu aðilum og áður en ekkert mál kom fyrir nefndina starfsárið 2023-2025
 - Ásdís Ó Vatnsdal formaður
 - Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
 - Lóa Birna Birgisdóttir
 - Finnbjörn Aðalheiðarson
- f) Á sundþingi var samþykkt að hafa starfandi íþróttamannanefnd en fulltrúi hennar mun jafnframt hafa seturétt á stjórnarfundum SSÍ. Íþróttamannnefnd mun skipa Anton Sveinn McKee sem mun verða formaður nefndarinnar og fá til sín aðila eftir þörfum.

2. Að loknu sundþingi

- a. Búið er að uppfæra lagabreytingar í lögum og reglum SSÍ samkvæmt þingskjölum 13a og 13b
- b. Búið er að breyta nafni þjónustugjalda í meðlimagjöld í reglugerðum SSÍ samanber þingskjal 9
- c. Búið er að breyta nafni Aldursflokkeistaramóts Íslands í Íslandsmeistaramót aldursflokka (AMÍ) í reglugerðum SSÍ um mótið samanber þingskjal 11

- d. Verðskrá SSÍ í lögum og reglum hefur verið breytt samkvæmt þingskjali 9.
- e. Þinggerð ásamt uppfærslu á lögum og reglum samanber punktar hér að ofan verður sett inn á heimasíðu SSÍ þann 5. apríl n.k.
- f. Farið var yfir niðurstöður sundþing varðandi þingskjal 10 af sundþingi vegna félagaskipta. Þingið fól stjórn að koma með tillögu að breytingu á félagaskiptum. Málið rætt og þeim Guðrúnu Pálsdóttur og Guðrúnu Rósu Þórsteinsdóttur falið að koma með tillögum á næsta fund.
- g. Rædd var niðurstaða allsherjarnefndar varðandi þingskjal 11 sem varðar brottfall í sundi. Punktar nefndarinnar sem þingið samþykkti voru ræddir.
- h. Farið var yfir samþykktir af sundþingi vegna þingskjals 15 sem er áskorun til stjórnvalda vegna fjárveitinga til afreksstarf með sérstakri áherslu á sundíþróttina. Stjórn SSÍ var falið að kára áskorunina. Bjarney Guðbjörnsdóttir og Júlía Þorvaldsdóttir taka að sér að orða áskorunina f.h stjórnar og koma með á næsta fund.
- i. Farið var yfir ábendingar sem komu fram á þinginu undir önnur mál:
 - Viktoría Gísladóttir – Breytingar á alþjóða dómara réttindum á tveggja ára fresti. Til þess að Íslenskir dómara á alþjóðalista hafi möguleika á að komast upp úr brons þrepinu þá verður SSÍ að koma Íslenskum dómurum út til starfa. Það hefur ekki farið Íslenskur dómari út á heimsmeistaramót síðan 2016 sem var haldið í Windsor í Canada. Ef Ísland vil halda standa á sundmótum þá þarf að gera áætlun um það hvernig Ísland kemst úr brons yfir í silfur og markmið að sjálfsögðu hjá SSÍ að reyna að koma einhverjum dómara í GULL stigið.
 - Hrafnhildur Lúthersdóttir – Sálfræðiaðstoð til sundfólks að ferli loknum. Stjórn SSÍ þakkar góða ábendingu en þessi mál verða hluti af „Team Iceland“ afreksmiðstöð ÍSÍ.
 - Lilja Dóra Guðmundsdóttir – Skorar á stjórn að passa hlutfall kynja í fylgdarliði keppnishópa þar sem upp geta komið tilvik eins og lyfjapróf og annað slíkt þar sem gott er að hafa fylgdaraðila að af sama kyni. Stjórn SSÍ þakkar ábendinguna og vill taka fram að það hefur verið passað undanfarin ár að hafa fylgdarlið af báðum kynjum og í þeirri ferð sem vísað er í þarna þá var kvenkyns fylgdarmaður með í för.

3. Mót og starfsemi

- a. Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug verður haldið 11-13. apríl n.k. Undirbúningur er í fullum gangi og lagt er upp með að mótið verði veglegt. Alls eru 171 skráðir keppendur. Mönnun gengur ekki nógu vel og vantar í margar stöður. Mótinu verður streymt á rásum SSÍ og einnig mun RÚV sýna frá mótin á lau og sun. Forseti Íslands Halla Tómasdóttir mun koma og afhenda forsetabikarinn. Guðmundur Ingi menntamálaráðherra mun einnig afhenda verðlaun. Stjórnarmenn eru hvattir til að mæta og aðstoða við mótið þar sem margar hendur vinna létt verk.
- b. Taka þarf upp umræðu eftir ÍM varðandi mótamál en með auknu umfangi móta verður að fara yfir skipulag í aðdraganda móta.
- c. Árni Stefánsson stjórnarmaður ætlar að vera nýrri stjórn innan handar í stefnumótun.

4. Afreksmál

Afreksmál voru ekki rædd að þessum fundi en mikið er að gerast í þeim málaflokki.

5. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Engar skýrslur eða fundargerðir lágu fyrir fundinum.

6. Aðsend bréf :

Dags

Efni

Sendandi

7. Félagaskipti

Nafn:

Fyrri félag:

Nýtt félag:

dags. mótt.

Tekur gildi

8. Staðfesting meta / afreka

Engin met

9. Önnur mál:

- a. Formaður fór á aðalfundi hjá SH og ÍA og bar félögunum kveðju stjórnar SSÍ. Bæði félög eru vel rekin og eru að vinna gott starf með þétt og gott bakland.
- b. Formaður og framkvæmdastjóri mun hitta Willum Þór frambjóðanda til forseta ÍSÍ á morgun og fara yfir áherslumál beggja aðila.
- c. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu samráðsfund sérsambanda um skiptinu lottó tekna
- d. Ritari kom inn á Artistic swimming annarsvegar alþjóðlegan dómara Miwako Elíasson og Andreu Elíasson sem er keppandi. Ritari mun send inn erindi til skrifstofu SSÍ um málið.
- e. Uppfæra þarf dómaraalista á heimasíðu SSÍ.
- f. Stefnt verður að því að ný heimasíða verði komin í loftið fyrir AMÍ. Leifur Guðni er með málið en verið er að reyna að gera þetta með sem minnstum tilkostnaði og þeir sem koma að málinu eru önnur kafnir í verkefnum fyrir hreyfinguna.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.00